

Samanburður á hávaðavísu og reikniaðferðum fyrir umferðarhávaða

Rannsóknarverkefni

Styrktaraðili: Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar

Verknr: 49542-00

Útgáfudags:

03. október 2025

Höfundur:

Kristín Ómarsdóttir

IT arkiv: Samantekt - Samanburður á hávaðavísu og reikniaðferðum fyrir umferðarhávaða

Samantekt:

Í skýrslunni er farið yfir stöðu á Íslandi varðandi notkun hávaðavísa og viðmiða fyrir umferðarhávaða, ásamt aðferðafræði við útreikninga á umferðarhávaða og borið saman við þá þróun sem orðið hefur í Noregi, Danmörku og Svíþjóð á síðustu árum og áratugum.

Á Íslandi í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 er notaður hávaðavísirinn $L_{Aeq,24h}$ til þess að setja viðmið um umferðarhávaða. Í Evrópusambandinu var tekinn upp hávaðavísirinn L_{den} árið 2002 sem hefur einnig verið notaður á Íslandi fyrir kortlagningu hávaða skv. reglugerð nr. 1000/2005. Hávaðavísirinn L_{den} er notaður fyrir almenn viðmið um umferðarhávaða í Danmörku, Noregi og í Evrópusambandinu. L_{den} er einnig notað fyrir viðmið WHO um umferðarhávaða. Munurinn á L_{den} og $L_{pAeq,24h}$ getur verið misjafn eftir því hver sólarhringsdreifing umferðar er, en algengt er að hann sé á bilinu 3-4 dB.

Á síðustu áratugum hefur orðið þróun í reikniaðferðum fyrir umferðarhávaða. Hin samnorræna RTN96 reikniaðferð er almennt notuð á Íslandi fyrir umferðarhávaða, en fyrir síðustu kortlagningu hávaða var notuð samevrópska reikniaðferðin CNOSSOS-EU. Á hinum norðurlöndunum hefur notkun á RTN96 verið að miklu leyti hætt og í staðinn eru notaðar annars vegar samnorræna Nord2000 reikniaðferðin og hins vegar CNOSSOS reikniaðferðin, aðlöguð að hverju landi. CNOSSOS og Nord2000 reikniaðferðirnar eru báðar nákvæmari reikniaðferðir en RTN96. Meðal annars má nefna að RTN96 reikniaðferðin gildir í allt að 300 m fjarlægð frá vegi, á meðan hinar tvær reikniaðferðirnar gilda í allt að 800-1000 m fjarlægð frá vegi. Í CNOSSOS og Nord2000 er hægt að reikna með nagladekkjanotkun, svæðisbundnum veðuraðstæðum og tvöföldum hljóðvörnum, en enginn af þeim möguleikum eru til staðar í RTN96 reikniaðferðinni.

Samanburður á reglugerðum nr. 724/2008 og nr. 1000/2005

	Reglugerð nr. 724/2008	Reglugerð nr. 1000/2005
Hávaðavísir fyrir umferðarhávaða	$L_{Aeq,24h}$	L_{den}
Viðmið	$L_{Aeq,24h} \leq 55 \text{ dB} / L_{Aeq,24h} \leq 65 \text{ dB}$	$L_{den} \leq 55 \text{ dB} / L_{night} \leq 50 \text{ dB}$
Reikniaðferð	RTN96 (Nord2000 einnig leyfileg)	CNOSSOS-EU (áður Nord2000)
Tilætluð notkun	Fyrir deiliskipulagsmál (byggingar og vegi) og fyrir byggingarmál	Fyrir aðalskipulag, grunnur fyrir aðgerðaáætlanir, skilagagn til Evrópusambands, upplýsingar fyrir almenning

Þegar skoðuð eru viðmið fyrir íbúðarhúsnæði á miðsvæðum eru viðmið á Íslandi mun slakari en á hinum Norðurlöndunum. Hljóðstig við húshlið á íbúð á miðsvæði má vera allt að L_{Aeq} 65 dB á Íslandi án þess að gerð sé krafa um hljóðláta hlið. Á hinum Norðurlöndunum er alltaf gerð krafa um hljóðláta hlið og útisvæði ef hljóðstig er yfir L_{Aeq} 55 dB (Svíþjóð), L_{den} 58 dB (Danmörk) eða L_{den} 55 dB (Noregur).

Niðurstöður skýrslunnar gefa tilefni til endurskoðunar á reglugerð um hávaða nr. 724/2008, endurskoðun á notkun reikniaðferða, hávaðavísa og viðmiðunargilda, að sett verði gæðaviðmið fyrir hljóðlátar hliðar íbúða og að gefnar verði út leiðbeiningar um meðhöndlun hávaða í skipulagi.